Jafnrétti í framsókn

3. landsþing LFK haldið að Varmahlíð í Skagafirði 4.-6. sept. 1987.



Elísabet Söderström varaform. miðflokks kvenna í Svíþjóð



Steingrímur utanríkisráðherra



Guðmundur heilbrigðisráðherra



Valgerður alþingismaður



Þórunn varaform. S.U.F.



Anne Lise Folsvik formaður kvennasamt. norska miðflokksins



Sigurður framkvæmdastj. Framsóknarfl.



Þrúður Framboðsmál



Unnur Starf og stefna LFK



Ásta Ragnheiður Hollustustefna neyslustefna



Þórdís Ferðamálastefna



Magdalena Umhverfismál



Ingibjörg Launajöfnuður Jafnréttismál



Guðlaug Byggðamál



Ólafía Atvinnumál



Ragnheiður Stjórnmálaályktun



Guðrún J. flokksmál

Dagskrá Landsþingsins

Föstudagur 4. sept.

Kl. 14.00 Rútuferð frá Reykjavík
Kl. 21.30 Komið í Varmahlíð
Kynning „þjófstart" í umsjón Félags framsóknarkvenna í Reykjavík.

Laugardagur 5. sept.

Kl. 07.00 Sund
Kl. 08.00 Morgunverður
Kl. 09.30 Þingsetning, Unnur Stefánsdóttir form. LFK. Kjör embættismanna þingsins.
Skýrsla stjórnar.
Kl. 10.45 Kaffihlé
Kl. 11.00 Ávörp gesta
Kl. 11.30 Erlendir fyrirlesarar
Kl. 12.30 Matarhlé – Meistarar fjallalambsins kynna nýjungar
Kl. 14.30 a) Drög að ályktunum lögð fyrir þingið:
Umræður um drögin
Kl. 15.30 b) Lagabreytingar – umræða – afgreiðsla
Kl. 15.45 Kaffihlé
Kl. 16.00 Umræðuhópar starfa
Kl. 18.00 Útivist – skokk – sund – gönguferðir – hestaleiga – gufubað
Kl. 20.00 Kvöldverður á Sauðárkróki í boði Kaupfélags Skagfirðinga
Kvöldvaka í umsjón kvenna í N-Vestra.

Sunnudagur 6. sept.

Kl. 08.00 Sund
Kl. 08.30 Morgunverður
Kl. 09.30 Kosningar
Kl. 10.00 Umræðuhópar skila áliti – umræður
Kl. 12.00 Matarhlé – hádegisverður í boði Framsóknarfélaganna á Siglufirði
Kl. 14.00 Umræðum framhaldið og afgreiðsla mála
Kl. 15.00 Þingslit.

Stjórnin

DAGBÓK



Söngsveitin sem syngur með hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar. Söngvararnir eru (f.v.): Eyjólfur Kristjánsson, Eiríkur Hauksson, Björgvin Halldórsson og Sigríður Beinteinsdóttir


Enn er „Allt vitlaust" á Broadway

Aukasýningar á rokk- og danssýningunni „Allt vitlaust", sem í vetur gekk lengi á Broadway, verða nú aftur í september og er fyrsta sýningin ákveðin laugardaginn 5. sept.

Það verður sem fyrr stórhljómsveitin Fuglarnir (The Birds) undir stjórn Gunnars Þórðarsonar, sem leikur, alls 10 hljóðfæraleikarar, og söngsveitin „The Bees" syngur með, en hún er skipuð Björgvini Halldórssyni, Sigríði Beinteinsdóttur, Eiríki Haukssyni og Eyjólfi Kristjánssyni.

Dansflokkurinn „Rokk í viðlögum", sem skipaður er 17 dönsurum sýnir listir sínar.

Stefnt er að því að sýna rokk- og danssýninguna „Allt vitlaust" út september, – en síðan mun ný sýning taka við í Broadway. Sú sýning hefur hlotið vinnuheitið **„Gullárin"** og byggist hún mikið til á hinum fræga **KK sextett**. Þess má geta, að þar mun söngkonan **Ellý Vilhjálms** koma fram – í fyrsta skipti eftir langt hlé.



Úr Svarfaðardal

ÆTTARMÓT Í SVARFAÐARDAL

Afkomendur **Sigfúsar Jónssonar, bónda á Grund í Svarfaðardal og konu hans Önnu Sigríðar Björnsdóttur,** halda ættarmót á Dalvík laugardaginn 5. september, en þann 6. sept. eru liðin 150 ár frá fæðingu Sigfúsar.

Hópferð um Svarfaðardal verður farin frá Víkurröst kl. 13:30 á laugardag og stansað á Tjörn. Stansað verður einnig á Grund og skoðaður minningarreitur Eiríks Hjartarsonar og snætt nesti, ef veður leyfir.

Um kvöldið kl. 18:00 verður hóf í Víkurröst og heldur Anna Sigrún Snorradóttir hátíðarræðuna og sitt hvað verður sér til gamans gert.

Þátttakendur úr Reykjavík fara hópferð norður á morgun, föstud. 4. sept. kl. 15:00. Þeir sem hafa áhuga hringi til Bjarkar Guðjónsdóttur í síma 1-35314. Farið verður til baka á sunnudag. María Snorradóttir á Dalvík (símí 96-61163) selur miða að hófinu í Víkurröst og gefur upplýsingar um ferðina um Svarfaðardal. Undirbúningsnefnd í Reykjavík hefur síma 13042 eða 2622 (Hólmfríður Gísladóttir).

Ferðir

Helgarferðir F.Í. 4.-6. sept.

1. Þórsmörk – Gist í Skagfjörðsskála/Langadal. Gönguferðir við allra hæfi um Mörkina, og aðstaða öll í Skagfjörðsskála er mjög góð.

2. Landmannalaugar – Eldgjá Gist verður í sæluhúsi félagsins í Laugum.

Upplýsingar og farmiðasala í skrifstofu F.Í. Öldugötu 3. Brottför í ferðirnar er kl. 20:00 á föstudagskvöld.

Ferðafélag Íslands


Helgarferðir Útivistar 4.-6. sept.

1. kl. 20:00 Þórsmörk - Goðaland -Góð gisting í Útivistarskálunum, Básum. gönguferðir við allra hæfi. Fararstjóri: Bjarki Harðarson.

2. kl. 20:00 Haustferð á Kjöl. Gist í skála á miðjum Kili. Göngu- og skoðunarferð um Þjófadali, Hveravelli og Kerlingarfjöll. Slóðir Fjalla-Eyvindar. Farið á grasafjall.

Upplýsingar og farmiðar á skrifstofunni Grófinni 1, símar: 141606 og 23732.

Útivist




Kristín Guðrún við eitt verka sinna

Menor og Alþýðubankinn á Akureyri kynna myndlistakonuna Kristínu Guðrúnu

Menningarsamtök Norðlendinga, MENOR, og Alþýðubankinn á Akureyri, kynna að þessu sinni myndlistakonuna Kristínu Guðrúnu. Kristín Guðrún er fædd 15. apríl 1963 á Akureyri og lauk stúdentsprófi frá M.A. 1983.

Um haustið '83 innritaðist hún í fornámsdeild Myndlistaskólans á Akureyri eftir að hafa verið þar á námskeiðum frá barnsaldri. Haustið '84 fór hún í málaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands og útskrifaðist þaðan vorið 1987 (eða síðastliðið vor). Kristín ætlar að taka sér a.m.k. ársfrí frá skólum en hyggur síðan á frekara framhaldsnám í listaskólum erlendis. Á listkynningunni eru 7 verk, 4 unnin með olíu á striga og 3 mónógrafík verk. Listkynningin er í útibúi Alþýðubankans á Akureyri, Skipagötu 14 og lýkur henni 16. október.



Samkomulagið, olía á striga, 1987

Helgi Þorgils Friðjónsson með tvær myndlistarsýningar samtímis

Í dag, föstud. 4. september opnar Helgi Þorgils Friðjónsson sýningu í Gallerí Svart á hvítu við Óðinstorg. Á þeirri sýningu eru grafík- og vatnslitamyndir.

Á morgun, laugard. 5. sept. kl. 14:00 opnar Helgi svo sýningu á Kjarvalsstöðum, og þar sýnir hann olíumálverk.

Helgi er fæddur í Búðardal 1953. Hann lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1976, en var síðan við framhaldsnám í Hollandi til 1979, er hann kom heim til Íslands og hefur verið búsettur og starfað í Reykjavík síðan. Hann hefur fengið margs konar viðurkenningar, m.a. menningarverðlaun Dagblaðsins. Helgi hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í mörgum samsýningum, innan lands og utan.

Sýning Helga í Gallerí Svart á hvítu er opin alla daga nema mánudaga kl. 14:00-18:00 og stendur til 20. september, en þá lýkur einnig sýningu hans að Kjarvalsstöðum.

Ýmislegt

Hleðslunámskeið í Vatnsmýrinni

Um helgina verður haldið námskeið í torfhleðsluaðferðum í Vatnsmýrinni. Þar verður kennt að stinga og rista klömbru og streng og að hlaða úr veggi og hús með þeim hætti og gert var áður fyrri. Hleðsluvinnan hefur ekkert breyst um aldaraðir.

Námskeiðið hefst kl. 10:00 á laugardag og stendur til kl. 18:00 með matarhléi á milli kl. 13:00 og 14:00 og sama tímasetning er á sunnudag.

Þeim sem hafa áhuga er bent á að mæta kl. 10:00 í Vatnsmýrinni á milli Norræna hússins og gamla Tívolíportsins og er ekið frá Umferðarmiðstöðinni Vatnsmýrarveg niður í mýrina þar sem torfhúsin standa.

Leiðbeinandi er Tryggvi Gunnar Hansen. Nánari upplýsingar í síma 75428 á kvöldin.

Námskeið í morsi og radíótækni

Vilt þú ná langt ??

Radíóamatörar ná daglega um allan heim.

Námskeið í morsi og radíótækni til nýliðaprófs radíóamatöra byrjar 9. september n.k.

Nú geta allir lært mors, ný og skemmtileg aðferð notuð.

Ertu þreytt(ur) á poppstöðvunum... ? Nýtt námskeið í stuttbylgjuhlustun byrjar einnig í dag, fimmtud. 3. september. Skráning í síma 31850 næstu dag kl. 17:00-19:00

Kvenfélag Neskirkju

Hársnyrting og fótsnyrting fyrir aldraða hefst aftur eftir sumarfrí miðvikudaginn 9. september nk. í Safnaðarheimili Neskirkju.


Ásgrímssafn

Frá 1. september verður opnunartími Ásgrímssafns á sunnudögum, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13.30-16.00.

Gildran í H-100 á Akureyri

Nú er hljómsveitin Gildran stödd á Akureyri, en hljómsveitarmeðlimir hafa verið með tónleika í Reykjavík, þar sem þeir hafa kynnt efni af plötu sinni „Huldumenn".

Hljómsveitin Gildran mun leika í H-100 föstudags- og laugardagskvöld 4. og 5. september.



Hátíðarmessa í Hallgrímskirkju í Saurbæ

Næstkomandi sunnudagskvöld kl. 20.30 verður sérstök hátíðarmessa í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Minnst verður 30 ára afmælis kirkjunnar og tekin í notkun flóðlýsing, sem Sigurjón Hallsteinsson, bóndi í Skorholti, hefur gefið kirkjunni.

Við hátíðarmessuna prédikar dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup. Frú Ragna Kristmundsdóttir syngur einsöng. Einnig verður samleikur á orgel og fiðlu. Flytjendur eru: Friðrik Stefánsson og Auður Hafsteinsdóttir.

Að lokinni messu er öllum kirkjugestum boðið til kaffiveitinga í Félagsheimilinu að Hlöðum, er Kvenfélagið Lilja sér um. Þar verður greint frá gjöfum til kirkjunnar, rifjuð upp nokkur atriði úr sögu kirkjunnar o.fl.

Í tilefni afmælisins hefur verið gerður sérstakur platti af kirkjunni.